

## **Umsögn um Þingskjal 468 – 376. mál.**

### **Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993 (úthlutun tollkvóta)**

Búnaðarsamband Suðurlands þakkar beiðni atvinnuveganefndar um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum. Mikill vandi steðjar að íslenskum landbúnaði þessi misserin. Þar er fyrst til að taka að þann 1. maí 2018 kom til framkvæmda samningur Íslands og ESB um viðskipti með landbúnaðarvörur sem hefur stóraukið markaðsaðgang þess síðartalda á hételendan markað fyrir landbúnaðarafurðir. Óhjákvæmilegt var að innlendar afurðir létu að einhverju marki undan síga fyrir auknum innflutningi. Að auki liggur nú fyrir að misbrestir hafa verið á tollaframkvæmd þannig að verulegt magn m.a. osta hefur verið flutt inn hingað til lands án tolla og umfram þann tollfrjálsa markaðsaðgang sem samið hefur verið um við önnur lönd.

Ljóst er að heimsfaraldur af völdum COVID-19 sjúkdómsins hefur valdið verðlækkunum og sölutregðu á afurðum landbúnaðarins. Þetta hefur aukið enn á þann vanda sem fyrir var. Búnaðarsamband Suðurlands leggur því áherslu á að orðið sé við þeim rökstuddu óskum samtaka bænda og afurðastöðva í landbúnaði, í bréfi til ríkisstjórnar Íslands frá 2. nóvember sl., þess efnis að útboði á tollkvótum ESB fyrir landbúnaðarafurðir á innlendan markað verði frestað meðan ráðrúm gefst til að rýna stöðuna og koma í veg fyrir langvarandi afleiðingar offramboðs búvara á innlenda framleiðendur.

Því má einnig með fullri sanngirni halda fram að þegar sé búið að flytja inn mikið af því magni t.d. osta sem samið var um tollfrjálsan markaðsaðgang fyrir. Lögmenn hafa bent á m.a. í minnisblöðum sem fylgdu fyrrnefndu erindi til ríkisstjórnar Íslands að grípa megi inn í aðstæður með vísun til 112. gr. EES-samningsins sem veitir samningsaðilum heimildir til að grípa til einhliða ráðstafana ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í ákveðnum atvinnugreinum. Eins eru ákvæði í Vínarsamningnum um þjóðréttarsamninga sem hægt er að vísa til í samskiptum íslenskra stjórnvalda við framkvæmdastjórn ESB.

Virðingarfyllt

Stjórn Búnaðarsambands Suðurlands.